

## 2. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga

24. september 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** URKÍ: Ingi Hrafn Pálsson, Uppreisn: Geir Finnsson, UVG: Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, UP: Sigmundur Þórir Jónsson, UJ: Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson, UU: Starri Reynisson, UE: Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir, JCI: Kjartan Hansson og Hugrún: Róshildur Anna Ólafsdóttir.

**Fulltrúar stjórnar:** Varaformaður og formaður fulltrúaráðs: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), gjaldkeri: Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), alþjóðafulltrúi: Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir (RKF), upplýsingafulltrúi: Inger Erla Thomsen (IET) og framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn (TI).

*Fundarstjóri: Laufey María Jóhannsdóttir, varaformaður LUF*

*Fundur settur: 18:25*

### Dagskrá:

- Áskorun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:** TI gerði grein fyrir [forsögu málsins](#). Í framhaldinu ákvað stjórn LUF að kæra málið til ráðuneytisins og óskar LUF eftir stuðningi aðildarfélaganna í [áskorun](#) til ráðuneytisins.
- Alþjóðamál: “United Nations Youth Delegation Programme:** LMJ segir frá aðdraganda málsins og fundi LUF með Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem fór fram 12. september. Þar óskaði LUF eftir formlegu samstarfi við Félagið um að koma á fót ungmennafulltrúum Íslands á viðburði Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations Youth Delegation Programme).
- Tengslanetaviðburður:** Stjórn LUF leggur til að halda tengslaviðburðinn daginn fyrir aðalfund. JCI bendir á að mögulega væri betra að hafa viðburðinn helgina fyrir þingið. Tillaga JCI var samþykkt.
- Leiðtogaskólinn 2018:** Skólinn fer fram í þriðja sinn í október. [Fyrirkomulagið](#) var kynnt ráðinu og var fulltrúaráð beðið um að hvetja sína félagsmenn til að sækja um. Einnig var hið nýskipaða [þjálfarateymi LUF](#) kynnt.
- Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:15*

*IET ritaði fundargerð.*